

**Ed.**

**365. Frumvarp til laga**

[186. mál]

um breyting á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

**1. gr.**

1. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

**2. gr.**

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra og heilbrigð að mati dýralæknis. Ekki má flytja út stóðhesta, tamdar kynbótahryssur né hross innan tveggja vetra aldurs, nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni og að fengnum meðmælum ráðunautar Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi. Útflutningshross skulu merkt bæði framleiðenda- og kynbótamerki. Á tímabilinu frá 1. nóvember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda, nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum, enda hafi þau áður verið fóðruð inni á heyfóðri, og skulu nánari reglur settar um það í reglugerð, sbr. 8. gr.

**3. gr.**

Í stað „Atvinnuáráðherra“ í 3. gr. laganna komi: Landbúnaðarráðherra.

**4. gr.**

8. gr. laganna orðist svo:

Landbúnaðarráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, Framleiðsluráðs landbúnaðarins, yfirdýralæknis og Sambands dýraverndarféлага Íslands, reglugerð, sem kveður nánar á um framkvæmd laga þessara, að því er varðar útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, útlit, gæðamat og merkingar útflutningshrossa, hömlur við útflutningi til tryggingar kynbótastarfinu, hrossamarkaði og lágmarksverð til framleiðenda (seljenda).

**5. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Greinargerð.**

Ræktunar- og útflutningsfélag stóðbænda sendi landbúnaðarnefnd Ed. tillögur um breytingar á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa, með beiðni um, að nefndin flytti frv. um það efni. Landbúnaðarnefnd sendi erindið Búnaðarþingi til umsagnar.

Það frv., sem hér er flutt, er í öllum meginatriðum fellt að tillögum Búnaðarþings og Ræktunar- og útflutningsfélags stóðbænda, og eru þær prentaðar með sem fylgiskjöl.

Þetta frv. gerir ráð fyrir þessum breytingum frá gildandi lögum:

1. Lagt er til að Framleiðsluráð landbúnaðarins verði, ásamt Búnaðarfélagi Íslands, landbúnaðarráðuneytinu til samráðs um útflutning hrossa og markaðsöflun fyrir þau erlendis. Það verður að teljast mjög eðlilegt, að Framleiðsluráð hafi afskipti af þessum málum, þar sem það hefur umsjón með allri verzlun með landbúnaðarafurðir á erlendum mörkuðum.
2. Þá er gert ráð fyrir, að útflutningshross skuli merkt bæði framleiðenda- og kynbótamerki. Þetta er nýmæli, en til þess sett að herða á um vöruvöndun á þessu

sviði, enda er það meginforsenda þess, að framtíðarmarkaðir vinnist erlendis, að gæðamat í einhverri mynd sé tekið upp, en það verður ekki gert án þess, að lögfestum merkingum verði komið á.

3. Samkvæmt eldri lögum er óheimilt að flytja hross á erlendan markað frá 1. okt.—1. júní, en þó eru heimildir til að bregða frá því ákvæði. Hér er gert ráð fyrir, að flutningar séu leyfðir á þessum tíma, en aðeins í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum, frá 1. nóv. — 1. júní. Þykir það vera eðlilegt að leyfa slíkt, enda gert ráð fyrir því, að í reglugerð, sem sérfróðir menn fjalla um og semja, sé kveðið nánar á um allan öryggisútbúnað þessara flutningatækja.
4. Þótt útflutningsverzlun með hross hafi verið stunduð um nokkurt árabíl, þá verður ekki sagt, að sú reynsla sé nú þegar fyrir hendi, sem réttlæti ýtarlega lagasetningu í öllum tilvikum. Því er gert ráð fyrir eins konar rammalöggjöf, svo sem lögín frá 1958 eru, en ýmis ákvæði sett í reglugerð. Í lögnum er ákveðið, hverjir skuli standa að samningu reglugerðarinnar, og talin fram ýmis atriði, sem sérstaklega skuli fjalla nánar um í reglugerðinni.

Frv. þetta er flutt af landbúnaðarnefnd Ed. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum.

#### Fylgiskjal I.

Vik í Mýrdal, 15. 2. 1968.

Hér með er þess farið á leit, að háttvirt landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis flytji eftirfarandi tillögur sem frumvarp til breytinga á lögum nr. 64 frá 26. nóvember 1958, um útflutning hrossa.

##### 1. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands og Framleiðsluráð landbúnaðarins yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir þau erlendis.

##### 2. gr.

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 10 vetra og heilbrigð að mati yfirdýralæknis. Útflutningur á stóðhestum tveggja vetra og eldri svo og tömdum kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi landbúnaðarráðherra hverju sinni að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands og Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Á tímabilinu frá 1. desember til 1. júní er óheimilt að flytja hross til útlanda, nema í sérstökum gripaflutningaskipum eða með flugvélum.

Á tímabilinu 1. janúar — 1. marz skulu hross, sem flutt eru út, hafa verið fóðruð á heyfóðri í 2 vikur minnst fyrir útflutningsdag.

Á tímabilinu frá 1. marz til 1. júní skulu útflutningshross fóðruð óslitið á heyfóðri.

##### 3. gr.

Í stað „atvinnumálaráðherra“ komi: landbúnaðarráðherra.

##### 8. gr.

Í stað „atvinnumálaráðherra“ komi: landbúnaðarráðherra. Á eftir „Búnaðarfélags Íslands“ komi: Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

Virðingarfyllst,

F. h. Ræktunar- og útflutningsfélags stóðbænda,

Einar Oddsson,  
form.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis,  
Hr. formaður Steinþór Gestsson,  
Reykjavík.

## Fylgiskjal II.

### BÚNAÐARFÉLAG ÍSLANDS

Reykjavík, 12. marz 1968.

Með bréfi, dags 22. febr. 1968, sendi landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis Búnaðarþingi til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 64 26. nóv. 1958, um útflutning hrossa, sem Ræktunar- og útflutningsfélag stóðbænda hafði samið og farið á leit, að landbúnaðarnefnd efri deildar flytti á Alþingi.

Erindi um sama efni barst Búnaðarþingi frá Gunnari Bjarnasyni, alifugla- og svínaræktarráðunaut.

Búnaðarþing 1968 afgreiddi bæði þessi mál með eftirfarandi ályktun og greinargerð.

#### *Ályktun:*

Búnaðarþing hefur fengið til meðferðar breytingartillögur við lög nr. 64 frá 26/11 1958, um útflutning á hrossum, sent Alþingi frá Ræktunar- og útflutningsfélagi stóðbænda.

Búnaðarþing getur fellt sig við þessar breytingar á lögnum um hrossaútflutning með eftirtöldum skilyrðum:

1. Á eftir 1. málsgrein 2. greinar komi: „Ekkert hross má þó flytja út innan tveggja vetra aldurs, nema ráðunautur Búnaðarfélags Íslands í hrossaútflutningi samþykki útflutninginn, enda séu útflutningshrossin merkt bæði framleiðenda- og kynbótamerki.“
2. Nauðsynlegt er, ef þessar breytingar verða gerðar á lögnum, að endurskoða reglugerð við lögum um útflutning á hrossum, sérstaklega þó með tilliti til merkinga á útflutningshrossum. Búnaðarþing lítur svo á, að eitt megin skilyrði þess, að framtíðarmarkaður vinnist erlendis, sé vöruvöndun á þessu sviði, og telur því, að nauðsynlegt sé að taka upp gæðaflokkun í einhverri mynd. Komið gæti til greina að stofna nefnd hrossaræktarsambandanna, sem hefði umsjón útflutningsins með höndum að meira eða minna leyti.

#### *Greinargerð:*

Búnaðarþing lítur svo á, að skylt sé og sjálfsagt að haga lagasetningu og reglum, sem varða útflutning hrossa, á þann veg, að sem bezt sé greitt fyrir þessari verzlun, en þó tryggðir hagsmunir framleiðenda og kynbótastarfsins. Það virðist vera eðlilegt að rýmka verulega um þann tíma, sem flytja megi út hross til útlanda, og þess gætt, að hrossin séu í góðu standi og vandað til umbúnaðar þeirra í flutningunum að öðru leyti.

Þá eru taldir möguleikar á því, að fá megi tiltölulega hagkvæmt verð fyrir veturgömul trippi, ef þau eru sérstaklega valin úr folöldum, sem annars yrði slátrað, og þá þegar merkt til útflutnings. Verði slíkt tekið upp, er nauðsynlegt að taka upp vel skipulagðar merkingar á væntanlegum útflutningshrossum, til þess að tryggt verði, að útflutningur á svo ungum og ómótuðum hrossum verði ekki til þess að rýra eðlilega sölumöguleika eldri og reyndari hrossa.

Nauðsynlegt er, að sem öruggust forusta verði í kynbótastarfi hrossaræktarinnar í landinu og sem bezt tryggt, að jafnan haldist í hendur öruggt val kynbótargripa til viðhalds stofninum og vöruvöndun útflutningshrossa. Er því eðlilegt að kanna möguleika á því, að hve miklu leyti stjórnir hrossaræktarsambandanna ættu að hafa umsjón og úrskurð um útflutning á hrossum.

Virðingarfyllt,

Halldór Pálsson.

Landbúnaðarnefnd efri deildar Alþingis,  
Alþingishúsinu, Reykjavík.